

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra 2013



Sigríður að taka sýni af sigvatni í Stekkjarvík

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra var á árinu 2013 starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra frá og með Fjallabyggð í austri og vestur til Húnaþings vestra og er eitt 10 Heilbrigðiseftirlitssvæða á landinu.

Verkefni Heilbrigðiseftirlitsins voru með svipuðu sniði á árinu 2013 og á fyrri árum og undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, þ.e. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis (ANR) og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR).

Tvær ríkisstofnanir hafa yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins. Annars vegar Umhverfisstofnun (UST), sem heyrir undir Umhverfis og auðlindaráðherra og hins vegar Matvælastofnun (MAST), sem heyrir undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Framangreint skipulag hefur verið við lýði frá árinu 2008 þegar matvælasvið Umhverfisstofnunar var sameinað ýmsum öðrum stofnunum í Matvælastofnun.

Samstarf við Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hefur verið með ágætum og haldnir reglulega fundir um afmörkuð mál, t.d. um sameiginlega gagnagrunna og ýmis átaksverkefni, auk þess sem haldnir eru árlega haust- og vorfundir með UST og MAST og ráðuneytum þeirra. Leiðarljós haustfunda er yfirferð og fræðsla um afmörkuð verkefni sem eru á borðum heilbrigðiseftirlitanna á meðan vorfundirnir snúa í meira mæli að stefnumótun starfsins.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra sinnir enn sýnatöku og samantekt á niðurstöðum mengunarmælinga fyrir urðunarstaðinn Stekkjarvík. Sýnataka er í samræmi við þær kröfur sem birtast í starfsleyfi urðunarstaðarins. Fróðlegt verður, ekki síst fyrir nágretta urðunarstaðarins, að fylgjast með þeim breytingum sem eru að verða á efnainnihaldi grunnvatns frá urðunarstaðnum.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur átt í góðu samstarfi við Vinnueftirlit ríkisins á Akureyri, þar sem eftirlitin hafa skipst á gagnlegum upplýsingum. Heilbrigðiseftirlitið hefur sömuleiðis sparað Vinnueftirlitinu sporin við eftirlit á minnstu vinnustaðina, t.d. ferðaþjónustu í dreifbýli og fengið gátlista yfir þau atriði sem Vinnueftirlitið leggur áherslu á að séu athuguð.

Sigurjón Þórðarson gekk úr stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða (SHÍ) á sama tíma og Gísli Árnason formaður Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra varð formaður SHÍ. SHÍ er málsvari og tengiliður heilbrigðiseftirlitssvæðanna í málum sem varða heilbrigðiseftirlit í landinu. SHÍ eru m.a. í samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyti og stofnanir ríkisins, s.s. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. SHÍ beita sér fyrir samræmdum viðmiðum og vinnubrögðum heilbrigðiseftirlitssvæðanna, t.d. er varðar gjaldskrár og gildistíma starfsleyfa.

Heilbrigðisnefnd

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður ...“ Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Árið 2013 voru haldnir sex stjórnarfundir í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra. Á árinu voru samþykkt 53 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra.

Ekki urðu neinar breytingar á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á árinu, en hjá embættinu. Á hinn bóginn urðu breytingar á skipan Heilbrigðisnefndarinnar þar sem að Arnrún Halla Arnórsdóttir formaður gekk úr stjórninni og sömuleiðis Elín Þorsteinsdóttir vegna búferlaflutninga. Í stað þeirra komu Gísli Árnason sem kosinn var formaður nefndarinnar og Margrét Ósk Harðardóttir frá Fjallabyggð.

Heilbrigðisnefnd skipuðu:

Arnrún Halla Arnórsdóttir, Skagafirði fyrri hluta ársins , og síðari hluta ársins tók Gísli Árnason, Skagafirði við formennskunni.

Elín Þorsteinsdóttir var fulltrúi Fjallabyggðar á fyrri hluta ársins en síðan tók Margrét Ósk Harðardóttir sæti hennar fyrir Fjallabyggð.


Guðrún Helgadóttir, Skagafirði, varaformaður.

Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi vestra, ritari.

Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Valgarður Hilmarsson, vararitari, Blönduósi.

Halli var á rekstri Heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2013. Rekstrartapið á árinu 2013 var 860 þúsund krónur, sem skýrist afskriftum og sölutapi af bifreið.



Sigurjón og Steinunn

Hefðbundin verkefni Heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum. Þau felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan framangreinda þætti, sem eru í föstum skorðum, koma inn á borð Heilbrigðiseftirlitsins fjöl-

mörg verkefni, sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórnast stundum af því sem efst er á baugi hverju sinni.

Mengun

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft eftirlit með mengun á starfssvæðinu. Eftirlitið og ekki síður sú umræða sem hefur verið um málaflokkuinn hefur skilað ápreifanlegum árangri í bættum mengunarvörnum. Vel heppnaðar aðgerðir í umhverfismálum skila fyrirtækjunum sjálfum fjáhagslegum ágóða, þar sem að mengunarvarnir fela gjarnan í sér bættu nýtni á orku og hráefnum, sem leiðir sjálfkrafa til minni útblásturs og úrgangslösu.



Skipt út olíutanki

Á árinu 2013 voru frárennismál mjög til umræðu í samfélaginu í kjölfar mikillar umfjöllunar sem fréttastofa RÚV hleypti af stað. Í áramótaskaupinu var sú umræða römmuð rækilega inn með kaldhæðnum og skoplegum hætti. Í framhaldi af umfjöllun RÚV var sett á legg fráveitunefnd á vegum Umhverfis og auðlindaráðuneytisins sem hafði það að markmiði að endurskoða fráveitireglugerðina sem er frá árinu 1999. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra situr í nefndinni en hún hefur ekki enn lokið störfum.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur lagt áherslu á fráveitumálin í gegnum tíðina eða allt frá síðustu aldamótum. Árið 1997 var farið í rannsókn af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Norðurlands vestra og Náttúrustofu Vestfjarða. Markmið athugunarinnar var að kanna áhrif skolpmengunnar frá minni byggðarlögum á lífríkið. Niðurstaða þeirrar vinnu var að neikvæð áhrif fráveitu frá minni sveitarfélögum við sjávarsíðuna á lífríkið, væru ekki teljandi.

Í starfsskýrslu ársins 2011 var boðað að tímabært væri að gera endurtaka sambærilega rannsókn á Norðurlandi vestra og þá sem fór fram fyrir einum og hálfu áratug og gerð var í samstarfi við Náttúrustofu og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Hafist handa við þá vinnu á árinu 2012 og henni haldið áfram á árinu 2013. Í janúar 2013 voru gerðar voru athuganir á magni gerla og lífræns efnis sjávar, á nokkrum stöðum við Sauðárkrók. Niðurstöður báru með sér að

lífræn mengun sem barst í viðtakann frá byggðinni væri lítil og var það í samræmi við fyrri athuganir. Hins vegar var gerlamengun mun meiri en var á sömu sýnatökustöðum sem tekin voru að sumarlagi árið 1997. Var það í samræmi við væntingar um að fjöldi gerla sé mun meira að vetrarlagi samanborið við magn gerla sem mældist á sömu sýnatökustöðum að sumarlagi árið 1997.

Heilbrigðisfulltrúi fór í febrúar, ásamt tæknimönnum úr sveitarfélögunum Fjallabyggð og Skagafirði, austur til Egilsstaða í kynnisferð, þar sem farið var yfir lausnir Fljótsdalshéraðs í Fráveitumálum.

Í kjölfarið var síðan unnin stöðuskýrsla af tæknideild Fjallabyggðar um stöðu fráveitumála á Siglufirði með tillögum til úrbóta en það er mikilvægt að hrinda þeim í framkvæmd þar sem kvartanir berast af og til vegna bleiklitaðs fráveituvatns frá matvælavinnslu á Siglufirði. Fyrirtækið sem um ræðir fer eftir ákvæðum starfsleyfis um hreinsun fráveituvatnsins sem felur í sér að hafa fullnægjandi búnað til að hindra að föst óhreinindi berist í holræsakerfi sveitarfélagsins. Fráveitulagnir sveitarfélagsins eru ekki í samræmi við ákvæði 10. gr. rg. 798/1998 um að ekki skuli opna fráveitulagnir í höfnum. Ástand lagnanna felur í sér að allt sem fer fram hjá hreinsimannvirkjum eða ef það verður tímabundin bilun felur í sér að höfnin verður í meira lagi óþrífaleg.

Það er talsvert verk óunnið í fráveitumálum á Sauðárkróki sem felur m.a. í sér að fækka fráveitulögnum enn frekar en beðið er m.a. eftir vinnu fyrrgreindrar fráveitunefndar Umhverfis og auðlindaráðuneytisins um endurskoðun á fráveitureglugerðinni.

Í byrjun árs 2013 láku allt að 5.000 l af sterkri saltsýru úr flutningstanki á hafnarsvæðinu á Sauðárkróki. Um var að ræða saltsýru sem var á leið til Siglufjarðar til notkunar í vinnslu á rækjuskel. Heilbrigðiseftirlitið var kallað út um nóttina og nýttist efnafræðipækkning Steinunnar Hjartardóttur heilbrigðisfulltrúa og tækjabúnaður sem Heilbrigðiseftirlitið hafði aðgang að í aðgerðum um nóttina.

Á árinu 2013 komu upp nokkur mál vegna lyktarmengunar, en jákvætt var hvað minna bar á kvörtun vegna vondrar lyktar frá fiskþurrkunum en var fyrir tveimur árum síðan. Reyking á kjöti á Blönduósi olli miklum ama á þeim tíma sem framleiðsla var mikil. Lyktarmál eru efið viðureignar fyrir Heilbrigðiseftirlitið þar sem ekki er einfalt að setja mælikvarða á það hvað er vond lykt og hvað góð sömuleiðis ekki heldur hvað er mikil og hvað er lítil lykt. Stundum getur verið erfitt að rekja uppsprettu óþolandi lyktar t.d. ef bensín eða olíulykt berst upp úr niðurföllum á milli húsa.



Ófullnægjandi frágangur á olíuafgreiðslu

Heilbrigðiseftirlitið gerði úttekt á umhverfi áningastaða við þjóðveginn á Norðurlandi vestra í ágúst mánuði. Ástandið var víðast hvar ásættanlegt en þó var farið að flæða á einstaka stað

upp úr ruslakörfum og ef vel var að gáð þá mátti sjá klósetpappír undir steinum, þar sem ferðafólk hefur létt á sér. Það er því víða farið að nálgast þolmörk en hætt er við því að ef áningastaðir verði mjög sjoppulegir að þá muni einnig versna umgengni ferðafólks um þá í kjölfarið.

Rannsóknarniðurstöður sýna fyrir árið 2013

	Alls:	Í lagi	Ófullnægjandi
Neysluvatn	115	103	12
Baðvatn	7	5	2
Matvæli	3	3	0
Frárennsli, sjór og yfirborðsvatn	15		Ekki metið

Matvælaeftirlit

Sigurjón Þórðarson tók þátt í samræmingarstarfi á landsvísu með matvælahópi á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfarfélags og Matvælastofnunar en hlutverk hópsins er m.a. að skipuleggja og taka þátt í sameigum eftirlitsverkefnum á landsvísu. Farið var á fróðlega Norræna eftirlitsráðstefnu í Bergen í Noregi þar sem fjallað var um ýmsar hliðar matvælaeftirlits og í framhaldinu komst á óformlegt samstarf við yfirmenn heilbrigðiseftirlitsins í Gautaborg. Svíarnir hafa huga á gagnkvæmum heimsóknum en það verður örugglega fróðlegt fyrir heilbrigðisfulltrúa á Norðurlandi vestra og ekki síður matvælafyrirtækin að fá gagnlegar ábendingar frá frændum okkar Svíum.



Með allt á hreinu í fiskibolluframleiðslu

Umfang eftirlits með neysluvatni er umtalsvert hjá Heilbrigðiseftirlitinu enda eru vatnsveitur á annað hundrað, sem þarf að fylgjast með. Sömuleiðis er umtalsverð matvælaframleiðsla á

Ólafsfirði, Siglufirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga sem krefst staðfestingar og vottunar á að vatnsveitur uppfylli skilyrði reglugerða og erlendra kaupenda. Tæknideildir sveitarfélaga eru fámennar og þurfa þar að auki að sinna fjölbreyttum verkefnum. Eitt þeirra er innra eftirlit með vatnsveitum, þar sem fylgst er skipulega með þeim mikilvægum eftirlitsstöðum s.s. að skipta reglulega um útfjólublá ljós í geislatækjum sem notað er til að sótthreinsa yfirborðsvatn sem neysluvatn. Þar sem yfirborðsvatn er nýtt þarf einnig að tryggja fullnægjandi síun til að tryggja að liffur rykmýs berist ekki inn í lagnir. Dæmi eru um að liffur hafi borist í neysluvatn einkum þegar verið er að nýta lítt síað yfirborðsvatn á þeim tímum þegar skortur er á vatni úr vatnslindum.

Virkt eftirlit í matvælafyrirtækjum er mikilvægt til þess að tryggja öryggi matvæla. Almenn fræðsla fyrir starfsfólk í matvælafyrirtækjum skiptir ekki síður máli. Einn af þeim þáttum sem þarf að bæta er að tryggja þekkingu þeirra sem eru að hefja störf í matvælafyrirtækjum m.a. um innra eftirlit og áhættu sem ber að forðast. Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið að sér að halda erindi í matvælafyrirtækjum fyrir starfsfólk m.a. í heilbrigðisstofnunum á starfssvæði eftirlitsins.



Ferðaþjónustu eldhús á Norðurlandi vestra

Almennt er hreinlæti og ástand fyrirtækja gott en ekki veitir af eins og fyrr segir að tryggja þekkingu nýliða og hnykkja reglulega á endurmenntun starfsfólks.

Matarsjúkdómar eru samheiti yfir fjöldan allan af sýkingum og eitrunum sem geta borist með mat. Í flestum tilfellum er um að ræða smá kveisu sem hellist yfir fólk sem jafnar sig alla jafnan skjótt og það án nokkurrar meðhöndlunar. Sjaldnast hafa matarsjúkdómar alvarlegar afleiðingar, en hættan er helst fyrir þá sem glíma við önnur veikindi eða hafa veiklað ónæmiskerfi.

Reikna má með að lítið brot af matarsjúkdómum séu tilkynntir og þar af leiðandi skráðir. Ef um minniháttar magakveisu er um að ræða, sem er algengast, þá hristir hraust fólk hana af sér fljótlega og ekki er farið í mikla rannsóknarvinnu í framhaldinu. Sömuleiðis er erfitt að benda nákvæmlega á hver uppruni smits er þegar upp koma einstök tilvik, þó svo að vitað sé að smitið sé að öllum líkindum komið úr matvælum þarf að fara í kostnaðarsama rannsóknarvinnu til þess að hægt sé að fullyrða um orsakir veikinda og sjaldnast er lagt í hana.

Ekki kom upp neitt staðfest tilvik matarsýkingu eða hópsýkingu á Norðurlandi vestra á árinu 2013 sem rekja má til matvælafyrirtækja.

Heilbrigðiseftirlitið fær sem betur fer ágætar ábendingar frá fólki um þætti sem það telur að betur megi fara hvað varðar matvæli og á það við um merkingar, aðskotaefni, aðskotadýr og meðferð matvæla. Ábendingarnar eru gríðarlega mikilvægar í því forvarnarstarfi sem heilbrigðisfulltrúar vinna.

Hollustuháttaeftirlit

Undir hollustuháttaeftirlit fellur m.a. eftirlit með öryggismálum í skólum, athugun á ástandi íbúða vegna sveppagróðurs og raka, almenn þrif og sótthreinsun sundlaugavatns, fótaaðgerða- og tannlæknastofa, ástand stofnana sem almenningur sækir þjónustu til og heilbrigðisstofnana.

Talsvert var um að óskað var eftir skoðun á lélegum íbúðum og hinum ýmsu vistarverum s.s. gámum og í skipum. Sömuleiðis var óskað eftir ráðleggingum símleiðis um hvernig eigi að fást við sveppagróður í húsnaði.

Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúi tók þátt í samræmingarstarfi á landsvísu með hollustuháttahöpi á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfarfélaga.



Öryggi leiktækja metið

Á Norðurlandi vestra er fjöldi sund- og baðstaða alls 16. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir þá alla reglulega, tekur út hreinlætismál, fer yfir innra eftirlit og veitir sömuleiðis starfsfólki fræðslu.

Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel heima og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með sundstöðum. Í starfsskýrslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2012 var vakin athygli á að á sumrin kemur til starfa í sundlaugunum fjöldi af ungu fólki til afleysinga á sama tíma og gestafjöldi fer vaxandi. Það er því afar mikilvægt að fólk sem kemur til afleysingastarfa í sundlaugum fái bæði góða leiðsögn og fræðslu um hollustuhætti og öryggisþætti, en fastir starfsmenn lauganna. Á árinu 2013 barst Heilbrigðiseftirlitinu kvörtun í kjölfar þess að það lá við drukknun 3. ára barns. Eftirlit leiddi í ljós að ýmsu var ábótavant í rekstri sundlaugarinnar sem snéri að þjálfun

starfsfólks og fyrirkomulag laugargæslu. Einnig kom fram að ekki var um skýra ábyrgðarskiptingu á milli verktaka sem rak sundlaug tímabundið og síðan eigenda sundlaugarinnar þ.e. sveitarfélagsins.

Í reglugerð 814/210 um hollustuhætti og öryggi á sund- og baðstöðum var gerð upphaflega sú krafa að ávallt væru 2 starfsmenn á vakt í sundlaugum en því ákvæði var breytt með reglugerð nr. 773/2012 sem opnaði á með ákveðnum skilyrðum að heimilt væri að hafa einungis einn starfsmann á vakt í minni sundlaugum. Skilyrðin um að einn starfsmaður sinni laugargæslu m.a. að fjölda gest og eru háð því að rekstraraðili sendi Heilbrigðisefirlitinu upplýsingar um fyrirkomulag laugargæslu og þann tíma sem heimildin er nýtt. Við útgáfu eða endurskoðun á starfsleyfum skal skrá ef framangreind heimild er nýtt.

Það vantar talsvert upp á að allar minni sundlaugar hafi uppfyllt formlega framangreind skilyrði og sömuleiðis upp á skýra ábyrgðarskiptingu tímabundinna verktaka og eigenda sem eru í flestum tilfellum sveitarfélögin

Sveitarfélögin reka nær allar sundlaugar á Norðurlandi vestra og fylgir rekstri sundlauga mikil ábyrgð. Rekstraraðila sundlaugar ber að gera skriflega áætlun um öryggi gesta, sem á að fela í sér áhættumat og áætlun um forvarnir. Gerð er krafa til skýrra merkinga, þjálfunar starfsfólk, þrifaáætlunar og innra eftirlits sem ekki verður vikist frá með því að fá verktaka tímabundið til þess að taka að sér rekstur lauganna.

Lokaorð

Á miðju ári 2014 þá kemur til starfa ný Heilbrigðisnefnd á Norðurlandi vestra og vil ég því nota tækifærið hér og þakka fulltrúum í Heilbrigðisnefndinni á Norðurlandi vestra sem nú láta af störfum fyrir þrygilegt samstarf á liðnum árum.

júní 2014,
Sigurjón Þórðarson
framkvæmdastjóri